



Grunnskólinn í Stykkishólmi

# **Jafnréttisáætlun**

2017-2020

Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, skólastefnu Stykkishólmsbæjar 2010 og lögum um grunnskóla nr. 91/2008

Jafnréttisáætlun Grunnskólans í Stykkishólmi fjallar annars vegar um nemendur og hins vegar um starfsfólk.

Stefna Grunnskólans í Stykkishólmi er að stuðla að jafnrétti og mannréttindum meðal nemenda og starfsfólks skólans. Hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður verði metinn að verðleikum og sýni öllum virðingu í samskiptum. Stefnt er að því að tryggja öllum nemendum viðfangsefni og menntun við hæfi. Lögð er áhersla á að allir innan skólasamfélagsins fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars, aldurs eða annarrar stöðu.

Skólastarf í anda jafnréttis og mannúðar miðar að því að breyta viðhorfi til hefðbundinna kynjaímynda og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Í

Grunnskólanum í Stykkishólmi er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Hún ýtir undir jákvæð samskipti, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat.

#### **Meginmarkmið:**

- Auka vitund um jafnrétti á meðal starfsfólks og nemenda
- Koma í veg fyrir áreitni og einelti
- Stuðla að jöfnum rétti starfsfólks til launa, endurmenntunar og samræmingar fjölskyldulífs og atvinnu
- Námefti og kennsluhættir höfði til allra
- Halda jafnréttisviku ár hvert

## Aðgerðaráætlun

### Grunnskólans í Stykkishólmi

## Skólinn, starfsmenn, nemendur og foreldrar

### Auka vitund um jafnrétti

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Kynna jafnréttisáætlun fyrir starfsfólki og velja í jafnréttisnefnd	Höfundar jafnréttisáætlunar	Fyrirlestur um áætlunina og aðgerðaráætlun	Að hausti
Kynna jafnréttisáætlun fyrir foreldrum	Umsjónakennarar	Kynna fyrir foreldrum jafnréttisáætlun eða það sem snýr að nemendum	Að hausti
Kynna jafnréttisáætlun fyrir nemendum	Umsjónakennarar	Kynna fyrir nemendum jafnréttisáætlun eða það sem snýr að þeim sjálfum	Að hausti

### Tekið úr 18. grein

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttisjónarmið í starfsmannastefnu sína.

Jafnréttisáætlun þarf að endurskoða á þriggja ára fresti.

### 28. grein

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi eða skjólstaðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna áreitni eða kynjamismunun.

## Starfsmenn

### Launajafnrétti

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
<b>Allir fá sömu laun fyrir sömu störf óháð kyni eða kynþáttum</b>	Skólastjórnendur	Laun skoðuð, niðurstöður skilað til Jafnréttisnefndar	Árleg yfirferð, gerð að vori
<b>Launajöfnun</b>	Skólastjórnendur	Ef upp kemur launamismunur þá mun hann verða leiðréttur	Unnið að hausti eftir að yfirferð launa er lokið.

#### 19. grein

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu laun eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt og fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

### Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
<b>Karlar og konur hafa jafnan rétt til starfa í skólanum</b>	Skólastjórnendur	Auglýst er eftir báðum kynjum og vísað til jafnréttis laga í þeim auglýsingum sem skólinn sendir frá sér	Þegar á við
<b>Eftirfylgni starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar starfsmanna</b>	Skólastjórnendur	Fylgst með þeim námskeiðum sem starfsfólk sækir og hvenær	Þegar á við

#### 20. grein

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Stjórnendur grunnskólans skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til þess að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

## Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
<b>Allir starfsmenn hafa jafnan rétt óháð kyni til þess að sinna skyldu sinn og ábyrgð og samræma það við starfskyldur sínar</b>	Skólastjórnendur	Gagnkvæmur heiðarleiki og skilningur verður hafður að leiðarljósi við skipulags skólastarfs. Við skipulag stundaskrár verður tillit tekið til aðstæðna ef hægt er.	Árlega
<b>Foreldrar hafa jafnan rétt á fæðingarorlofi eða veikindaleyfi vegna barna sinna</b>	Skólastjórnendur	Kynna starfsfólki og verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem þeir hafa í þessum efnum	Þegar á við

### 21. grein

Grunnskólinn í Stykkishólmi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að gera starfsfólki sínu kleift að samræma starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða við að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

## Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
<b>Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni / kynferðislegri áreitni í starfi</b>	Skólastjórnendur	Fræðsla fyrir starfsfólk um hvað felst í kynbundnu eða kynferðislegu áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp.	Árlega, fyrri hluta skólaárs
<b>Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og fagmannlega unnið ef slík áreitni kemur upp</b>	Skólastjórnendur	Unnið er eftir aðgerðaráætlun um kynbundin og/eða kynferðislega áreitni skólans*	Þegar á við

## 22. grein

Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í starfi sínu. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

## Nemendur

### Menntun og skólastarf

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
<b>Auka vitund nemenda um jafnrétti kynjanna</b>	Umsjónakennarar	Verkefni unnin í tímum með umsjónakennurum, hugmyndir um námsefni má finna á jafnrétti.is	Verkefni unnin.....
<b>Vinna gegn stöðlun ímyndar kynjanna</b>	Umsjónakennarar	Verkefni unnin í tímum með umsjónakennurum um stöðlun kynja	Verkefni unnin
<b>Efla þekkingu nemenda á hlutverki sínu í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu – og eða atvinnulífi</b>	Umsjónakennarar og foreldrar	Vinna verkefni sem tengjast samfélaginu eða fjölskyldu á einn eða annan hátt	Verkefni unnin.....
<b>Sama námsefni fyrir bæði kynin</b>	Skólastjórnendur og kennarar	Kennslu og námsgögn verða unnin með jafnrétti í huga	Alltaf
<b>Sama fræðsla/ráðgjöf fyrir stelpur og stráka</b>	Námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og/eða kennurum	Öll fræðsla og ráðgjöf kynnt eins fyrir báðum kynjum	Alltaf í allri ráðgjöf og fræðslu
<b>Stuðla að vellíðan nemenda í skólanum</b>	Skólapúlsinn	Könnun gerð sem fjallar um líðan nemenda í skólanum á jafnréttisgrundvelli þar sem skoða er einhverskonar áreiti	Í október og apríl

		eða almenn líðan nemenda í skólanum	
<b>Að báðir foreldrar taki þátt í skólastarfi barna sinna</b>	Skólastjórnendur og umsjónakennarar	Hvetja foreldra að báðu kyni að taka þátt í skólastarfinu og að báðir foreldra hafi jafnan aðgang að upplýsingum um sín börn.	Þegar á við

### 23. grein

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í Grunnskólanum í Stykkishólmi og uppeldisstarfi, þar á meðal íþrótt- og tómstundastarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólastarfsins og til fjölmiðla.

### **Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni**

<b>Markmið</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Tímarammi</b>
<b>Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni / kynferðislegri áreitni í skólanum</b>	Skólastjórnendur og kennarar	Fræðsla fyrir nemendur um hvað felst í kynbundnu eða kynferðislegu áreitni og hvert skal leita ef slíkt kemur upp.	Árlega, fyrri hluta skólaárs
<b>Vinnsla slíkra mála fari í réttan farveg og fagmannlega unnið ef slík áreitni kemur upp</b>	Skólastjórnendur	Unnið er eftir aðgerðaráætlun um kynbundin og/eða kynferðislega áreitni skólans*	Þegar á við

### 22. grein

Skólastjórnendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar skólans verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðrar kynbundinnar eða kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka

ákvarðanir í tengslum við starfskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Stefnuna skal endurskoða í heild sinni á þriggja ára fresti.